

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2023

Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð, mál 941

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreint mál sem og frumvarpsdrög sem birt voru í samráðsgátt og vísar jafnframt í umsögn sína um þau¹.

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við að í frumvarpinu er ekki minnst á alvarlegar afleiðingar af flugi fyrir náttúru og umhverfi, svo sem eins og mikilli landnotkun sem getur rutt burt verðmætum náttúrusvæðum, mengun svo sem eins og útblæstri gróðurhúsalofttegunda eða mengunarhættu svo sem eins og af völdum olíuslyss. Landvernd telur mikilvægt að lögin kveði skýrt á um að rekstur og uppbygging flugvalla þurfi að fara eftir skuldbindingum og markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og vernd náttúru.

Stjórn Landverndar leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

2. gr. Markmið

Breytingar sem stjórn Landverndar leggur til eru merktar með gulu.

„Markmið laganna er að flugvellir landsins og þjónusta við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins í takt við ströngustu kröfur og markmið um umhverfisvernd með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum. Við útfærslu og framkvæmd verkefna samkvæmt lögum þessum skal tryggja að kröfum loftferðalaga, varnarmálalaga, loftslags- og náttúruverndarlaga sem og annarra laga á málefnasviðinu sé ávallt fullnægt auk þess sem sérstaklega skal horft til eftirfarandi markmiða:

a. Að innviðir og starfsemi á þessu sviði tryggi gæði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og hámarki flugöryggi.

¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3351&uid=30ae0418-aa74-ed11-9bb6-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3351&uid=30ae0418-aa74-ed11-9bb6-005056bcce7e)

b. Að veitt sé heildstæð flugvallarþjónusta fyrir millilandaflug, þ.m.t. varaflugvallarþjónusta, sem stuðlar að því að viðhalda og efla samkeppnishæfni landsins í millilanda- og tengiflugi.

c. Að flugvallakerfið sé virkur hluti öruggra og hagkvæmra samgangna innan lands og tengist öðrum almenningssamgöngum.

d. Að fylgt sé stefnumörkun stjórnvalda í samgöngumálum eins og hún birtist í flugstefnu og samgönguáætlun á hverjum tíma.

e. Að fylgt sé stefnumörkun og skuldbindingum stjórnvalda í loftslags- og náttúruverndarmálum.

f. Að tryggja að uppbygging og rekstur flugvalla gangi ekki á náttúruauðlindir, raski ekki náttúruverðmætum eða landslagsheildum og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda.

g.e. Að fylgt sé stefnumörkun stjórnvalda eins og hún birtist í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, varnarmálalögum og alþjóðlegum skuldbindingum

7. gr. Rekstur Keflavíkurflugvallar.

Keflavíkurflugvöllur er stærsti og mikilvægasti alþjóðaflugvöllur landsins. Alþjóðaflug er langstærsti losunarvaldur atvinnugreina (utan landnotkunar). Mikilvægt er að lögin kveði á um skyldur Isavia ohf, rekstraraðila Keflavíkurflugvallar, til að draga úr losun frá flugi en ekki ýta undir aukna flugumferð með tilheyrandi losun.

Landvernd minnir einnig á umsögn sína um aðgerðaáætlun um orkuskipti í flugi frá síðasta ári². Í þeirri aðgerðaáætlun var ekki að finna umfjöllun um að ástæða orkuskipta væri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, ekki var haft samráð við gerð aðgerðaáætlunarinnar við aðra en fluggeirann og vetnisframleiðendur og algjör skortur var á umfjöllun um umhverfisáhrif af orkuskiptum í flugi. Því miður ber því oft við að í umfjöllun og ákvörðunatöku stjórnvalda um samgöngumál eru umhverfismál alls ekki í forgrunni.

Kolefnisgjöld og flugskattar

Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum eru eins og áður sagði ekki ávarpaðar í frumvarpinu eða skuldbindingar í náttúruvernd. Heldur er ekki minnst á íslenska löggjöf eða stefnumörkunum í umhverfismálum, eins og áður sagði. Landvernd telur að í þessu frumvarpi sé tækifæri til þess að setja á öflugt kolefnisgjald sem hefur það að markmiði að draga úr losun frá flugi.

Þá telur Landvernd brýnt að komur einkaflugvéla til Íslands verði takmarkaðar verulega eins og lesa má í ályktun aðalfundar Landverndar 2023³ og skuldbindandi kvaðir til að aðlaga allt innanlandsflug að hreinum orkugjöfum.

² [Orkuskipti í flugi - Umsögn Landverndar](#)

³ [Tillaga-ad-alyktun-um-adgerdir-i-loftslagsmalum-1.pdf \(landvernd.is\)](#)

Lokaorð

Frumvarpið tekur ekki mið af stefnum og markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum eða náttúruvernd og virðist setja hagsmuni flugrekenda í öndvegi. Stjórn Landverndar hvetur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að gera viðeigandi betrubætur á frumvarpinu eins og hér hefur verið fjallað um.

*Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri